

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2004, miðvikudaginn 15. desember hélt stjórn Orkuveitu Reykjavíkur sinn 38. fund. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1 og hófst kl. 14:00.

Viðstaddir voru Alfreð Þorsteinsson, Tryggvi Friðjónsson, Guðmundur Páll Jónsson, Guðlaugur Þór Þórðarson og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.

Auk þeirra sátu fundinn forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, aðstoðarforstjórar og fleiri starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur.

Fundarritari var Ólafur Jónsson.

Þetta gerðist:

1. Rætt um flutning hluta lána Orkuveitunnar yfir í íslenskrar krónur. Lagt fram yfirlit yfir þróun vísitölu krónunnar dags. 15. þ.m.
2. Á fundinn komu Björn Björnsson og Helgi Pétursson og kynntu hugmyndir um sýningu í Perlunni. Lagt var fram kynningarit “Perlan endurreisn og nýtt hlutverk”.

Kl. 14:58 kom Steinunn Valdís Óskarsdóttir á fundinn.

3. Lagður fram samningur milli Akraneskaupstaðar og Orkuveitu Reykjavíkur um lagningu ljósleiðaranets á Akranesi og rekstur opins nets dags. 8. þ.m. ásamt 3 fylgiskjölum. Ennfremur var lögð fram rekstraráætlun. Frestað.
4. Lögð fram drög að viljayfirlýsingu Orkuveitu Reykjavíkur o.fl. um álver á Norðurlandi dags. 14. þ.m. Frestað.
5. Lagt fram úrskurður Kærunefndar útboðsmála í máli 22/2004 Toshiba International (Europe) Ltd. gegn Orkuveitu Reykjavíkur.
6. Lagt fram endurrit úr dómsbók Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-7645/2004. Hannes Sigurðsson og Þórhildur Ólafsdóttir gegn Orkuveitu Reykjavíkur. Jafnframt er lagt fram bréf Hjörleifs B. Kvaran hrl. varðandi ofangreint mál. Samþykkt að aflýsa yfirlýsingu af jörð stefnanda og jörðum annarra landeigenda sem undir hana rituðu 1975, þó ekki af Bakka II.
7. Lagt fram erindi forstjóra varðandi stefnu Orkuveitu Reykjavíkur og hugsanlega breytingu á tilgangi fyrirtækisins. Frestað.

8. Rætt um raforkuverð í nýju umhverfi raforkumála. Á fundinn kom Jakob Sigurður Friðriksson og gerði grein fyrir málinu.
Ákveðið að halda aukafund 29. desember n.k. kl. 14:00, þar sem gjaldskrármál verða á dagskrá.
9. Lögð fram tilboð í aðveitulagnir á Helligheiði.
Samþykkt að taka lægsta tilboði, sem kom frá Ístaki h.f., kr. 365.318.477,-
10. Lagður fram að nýju samningur um kaup á svonefndri Austurveitu frá 29. október s.l., sem frestað var á síðasta fundi.
Samþykkt.
Jafnframt var lagt fram og samþykkt samkomulag dags. í dag milli Orkuveitu Reykjavíkur annars vegar og Gljúfurárbyggðar e.h.f. landeigenda Gljúfurárholts hins vegar um frágang mála varðandi réttindi landeigenda gegnvarð rekstri hitaveitu er vinnur vatn í Gljúfurárholti, Austurveitu.
11. Lagt fram tilboð Olúfélagsins e.h.f. dags. 15. þ.m. í lóð og mannvirki við Stóragerði 42-44 að fjárhæð 40,5 Mkr.
Samþykkt, forstjóra falið að ganga frá sölunni og undirrita kaupsamning, afsal og önnur skjöl vegna sölunnar.
12. Lögð fram drög að bréfum til leigjenda sumarhúsalóða í landi Elliðavatns, grannsvæðum og fjarsvæðum.
Samþykkt.
13. Forstjóri kynnti hugsanlega byggingu 200m² móttöku og sýningahúss við minjasafn Orkuveitunnar í Elliðaárdal og lagði fram uppdrætti af fyrirhuguðu húsi.
Stjórnin samþykkti framkvæmdina og óskar eftir að byggingarnefndarteikningar verði kynntar fyrir stjórn.
14. Lagður fram árs hlutareikningur Línu.Net h.f. fyrir tímabilið 1.1 – 30.9. 2004.
15. Guðlaugur Þór Þórðarson lagði fram svofelldar fyrirspurnir:

Spurningar vegna Mitsubishi málsins

1. Hverjir voru í stýriningd sem vitnað er í úrskurði kæruneftndar?
2. Hvaða sérfræðinga var leitað til vegna kaupanna sem vitnað er í úrskurði kæruneftndar?
3. Vinsamlegast sendið stjórnarmönnum fyrri úrskurð vegna fyrri útboðs?
4. Hvaða fyrirtæki tóku þátt í fyrri útboði?
5. Hvaða fyrirtæki tóku þátt í seinna útboði?
6. Hverjir fóru frá Orkuveitu Reykjavíkur, stjórnarmenn eða starfsmenn í ferð til Japan, fyrir nokkrum misserum síðan. Ferð sem nefnd var Mitsubishi ferðin?
7. Hafa verið farnar fleiri ferðir til Japans eða til að heimsækja fulltrúa Mitsubishi?

Samningur OR um lagningu ljósleiðara

- Hvert er markmiðið með ljósleiðaravæðingu OR?
- Hver hefur kostnaðurinn verið við að leggja ljósleiðarann til Akranes?

- Eru tekjumarkmið með lagningu ljósleiðarans? Hvaða tekjumarkmið eru hjá OR?
- Hvaða tekjumarkmið eru hjá efnisveitunni?
- Hvað þýðir að AK muni standa fyrir kynningum á verkefninu? Hvernig fer það saman að rekstraraðili og eigandi tekur ekki að sér markaðssetningu á vörunni sinni? Hvaða skilmálar ríkja um þetta milli OR og AK.
- Á að leggja ljósleiðarann eingöngu í jörðu á áætluðum tímum eða á að leggja nýjar lagnir að heimilum um leið? Ef svo er, hvernig skiptist kostnaður á framkvæmdum á milli veita?
- Í áætlun kemur fram að lagnir (m. vinnu) séu 65.045 kr. á heimili. Vinsamlegast sundurliðið þessa tölu og skýrið hvernig kostnaðardreifing fellur, t.d. ef miðað er við að verið sé að taka á sama tíma upp lagnir annara veita og ef miðað er við að fræst sé upp aðeins vegna ljósleiðara. Er þessi tala sambærileg við lagningu nýrra rafmagnslagna í hús? Hver er sú tala?
- Hversu mikill kostnaður af áætlaðum fjárfestingum vegna ljósleiðara fer til Sensa?
- Verða þessar fjárfestingar í ljósleiðara eignfærðar eða kostnaðarfærðar?

Almennt um ljósleiðaramál

- Hver er skilgreiningin á opnu neti?
- Hver mun stýra aðgangi að opna netinu? Hvaða lög fjalla um slíka stýringu og hvaða lagatengdu atriði falla að ljósleiðarhugmyndum OR?
- Á stjórnarfundum var ýjað að því að lagning ljósleiðara í Reykjavík væri hafin. Vinsamlegast gerið grein fyrir þeirri framkvæmd ef rétt er og kynnið áætlanir þess efnis.
- Miðað við tölur sem lagðar eru fram fyrir Akraneskaupstað er fjárfestingakostnaður við ljósleiðara tæpar 140.000kr/heimili. Ef ljósleiðaravæða á 60.000 heimili á næstu árum er þessi fjárfesting um 8.4 milljarðar króna. Fjárfestingaspá OR gerir ekki ráð fyrir nema 500 milljónum á ári til 2008. Hvernig á að fjármagna þessar aðgerðir?
- Hver er rekstraraðili netsins? Hvað felst í því að vera rekstraraðili netsins? Hver tekur t.d. að sér að svara kúnnanum ef að eitthvað virkar ekki.
- Hver er fjárhagslegi þröskuldur efnissala að netinu? Hver fylgir eftir að staðið sé við gæðakröfur? um hvaða gæðakröfur er að ræða? Hver hindrar ólöglegt efni?
- Óheftur aðgangur viðskiptavina að netinu með lágu mándarlegu gjaldi. Þetta er viðbót við þær fjarskiptatengingar sem nú eru í boði og “added value” þarf því að vera töluvert. Hvað sjáið þið sem added value í þessu samhengi fyrir heimilin sem ekki er í boði nú þegar hjá öðrum þjónustuaðilum?
- Hversu langan tíma er gert ráð fyrir að ljósleiðaravæða heimilin á svæði OR? Af hverju greiða allir sama gjald fyrir ljósleiðaranotkun sína hjá OR þegar ljóst er að Akraneskaupstaður og í framtíðinni Hveragerði er dreifbýlla (og dýrara) í fjárfestingu leiðarans?

Annað

- Vinsamlega gefið greinargóða skýringu á því hvers vegna rekstraráætlun um lagningu ljósleiðara í Akraneskaupstað fylgdi ekki samningi sem sendur var til stjórnarmanna.

Fundi slitið kl. 17:10

Alfreð Þorsteinsson,
Guðlaugur Þór Þórðarson, Guðmundur Páll Jónsson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir,
Tryggvi Friðjónsson, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.